



## ÁRSFUNDUR 2024

haldinn þriðjudaginn 14. maí kl. 11:00

í sal Suðurnesjadeildar Rauða Kross Íslands að Smiðjuvöllum 8 í Reykjanesbæ

### Dagskrá:

1. Formaður stjórnar setur fundinn
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara  
Fundarstjóri: Guðrún Björg Sigurðardóttir  
Fundarritari: Hera Ósk Einarsdóttir
3. Ávarp formanns  
*Guðbjörg Kristmundsdóttir formaður. Fjallaði um mikilvægi Fjölsmiðjunnar fyrir samfélag ungs fólks á Suðurnesjum sem þarf stuðning við að fóta sig inn í fullorðinsárin. Styrkur Fjölsmiðjunnar liggur í frábæru framsýnu starfsfólki og lausnarmiðaðri nálgun fyrir hvern og einn nema í Fjölsmiðjunni í þeirra vegferð í námi og starfi. Guðbjörg lagði áherslu á að komið væri að þeim tímapunkti í starfsemi Fjölsmiðjunnar að taka skref til að tryggja rekstur Fjölsmiðjunnar til framtíðar og viðurkenna þannig mikilvægi hennar sem virkt úrræði fyrir okkar unga fólk.*
4. Ársskýrsla lögð fram  
*Þorvarður Guðmundsson forstöðumaður fylgdi ársskýrslunni úr hlaði. Fundarmönnum verður send skýrslan að fundi loknum.*
5. Ársreikningar lagðir fram til samþykktar  
*Kristján Þór Ragnarsson endurskoðandi frá Deloitte fór yfir rekstrarreikning Fjölsmiðjunnar fyrir árið 2023. Við könnun Deloitte ehf. kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu, efnahag þess 31. desember 2023 og breytingar á handbæru fé á árinu, í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningur samþykktur.*
6. Tilnefningar í stjórn til næstu tveggja ára.  
*Guðbjörg Kristmundsdóttir VSKF  
Faney Grétarsdóttir RKÍ - Suðurnesjadeild  
Guðrún Björg Sigurðardóttir - Suðurnesjabær  
Hera Ósk Einarsdóttir - Reykjanesbær  
Guðbjörg Gerður Gylfadóttir - VMST  
Kristján Ásmundsson – MRN*  
  
**Í varastjórn**  
*Ólafur S. Magnússon - FIT  
Hólmfríður Jennýjar Árnadóttir - RKÍ - Suðurnesjadeild  
Thelma Hrund Guðjónsdóttir- Suðurnesjabær*



## Fjölsmiðjan á Suðurnesjum

*Hilma H. Sigurðardóttir – Reykjanesbær*

*Unnur Sverrisdóttir- VMST*

*Guðlaug M. Pálsdóttir- MRN*

7. Kosning löggilts endurskoðanda.  
*Þorvarður ber fram tillöguna: Kristján Þór Ragnarsson, Deloitte  
Tillagan samþykkt.*
8. Önnur mál.

Fundirslitið kl. 11.45

Að loknum ársfundi er gestum boðið til pylsupartý í Fjölsmiðjunni.